

Rabbi rafeind

Yrsa Sigurðardóttir

alveg rosalega sætri róteind sem heitir Ragga. Ég held að hún sé skotin í mér og er að hugsa um að ferðast um með henni.“ Rabbi belgdi sig út og tók nokkur rosalega lummuleg dansspor. „Henni finnst ég svo fínn dansari.“

Hvorki Birnu né Gísli fannst Rabbi neitt sérlega danslegur en þau brostu til hans engu að síður. „Gangi þér vel,“ sögðu þau og brostu til hans.

Rabbi veifaði þeim, blikkaði og hvarf svo að bragði eins og elding aftur inn í innstunguna. Eftir sátu Birna og Gísli með tóman pokann á milli sín. Þau brostu hvort til annars. „Eigum við ekki að vekja afa og segja honum frá þessu?“ spurði Birna.

Gísli hristi höfuðið. „Hann trúir okkur ekki. Svo er ég ekki viss um að hann skilji þetta hvort eð er. Við skulum frekar vekja hann og fá hann til að gefa okkur eitthvað að borða.“

Þau stóðu upp, gengu að sófanum og hristu afa sinn léttilega. „Vaknaðu afa, okkur langar í ristað brauð. Rafstraumurinn bíður, rafeindir í löngum bunum.“ Þau blikkuðu hvort annað og brostu svo til afa síns.

Krakkarnir horfðu á Rabba skilningsvana. „Hvert farið þið þá?“ spurði Birna.

„Nú þá komum við að því sem þið voruð að spyrja afa ykkar um. Hvað er rafmagn eiginlega? Raunar heitir það rafstraumur sem þið voruð að reyna að veiða í pokann ykkar. Það er hann sem fær ljósin til að lýsa og eldavélina til að hitna. Rafstraumur er fullt, fullt af rafeindum eins og mér sem streyma áfram eftir raflögnunum, eiginlega eins og vatn eftir pípunum í húsinu. Við gefum frá okkur rafkraftinn sem er að finna í mínusnum okkar.“ Rabbi varð ógurlega montinn á svipinn. „Hver og ein rafeind hefur ekki svo mikinn kraft en þegar við leggjumst ótrúlega margar á eitt þá er sko mikið varið í okkur.“

Birna og Gísli kinkuðu hægt kolli. „Svo rafmagnið í innstungunum er eiginlega rafstraumur sem er búinn til úr rosalega mörgum rafeindum?“ spurði Gísli.

„Akkúrat vinur minn,“ svaraði Rabbi og brosti breitt. „Nú getið þið kennt afa ykkar þetta þegar hann vaknar.“ Hann benti á vegginn. „Svo skuluð þið láta það vera að reyna að veiða nokkuð úr innstungum. Ég einn er meinlaus en rafstraumur er hættulegur. Ég kem hvort eð er ekki aftur því ég er búinn að kynnast

„Uss, passaðu þig að vekja ekki afa,“ hvíslaði Birna að bróður sínum Gísla. Þau litu bæði á sófann þar sem afi þeirra lá. Á maga hans lá bók sem hreyfðist hægt upp og niður þegar hann andaði. Hann hafði ekki rumskað. Birna og Gísli sneru sér aftur að innstungunni á stofuveggnum.

„Haltu betur við,“ sagði Gísli og benti á plastpokann sem Birna hélt utan um innstunguna. „Það má ekki sleppa út.“

Birna dæsti. „Þetta virkar ekkert.“ Hún potaði í pokann. „Hann er enn galtómur.“ Hún tók pokann frá og beygði sig að innstungunni til þess að kíkja inn um litlu götin tvö.

„Sérðu eitthvað?“ spurði Gísli.

„Nei. Bara svart,“ svaraði Birna og rétti úr sér.

Gísli prófaði að kíkja inn. „Ég sé ekkert heldur.“ Hann stundi. „Prófum samt aftur.“

Afi þeirra rumskaði og lyfti höfðinu af fína út- saumaða púðanum hennar ömmu. „Hvað eruð þið að gera?“ spurði hann og geispaði.

„Við erum að reyna að ná okkur í rafmagn,“ svaraði Gísli.

Birna lyfti plastpokanum upp. „Í þennan poka. Við ætlum að skoða það.“

Afi þeirra brosti. „Það er ekkert hægt.“ Hann lagðist aftur á púðann og lokaði augunum. „Farið heldur að spila.“

„Af hverju ekki afi?“ spurði Gísli. „Er rafmagnslaust í þessari innstungu?“

„Ha, nei, nei,“ umlaði afi þeirra. „Maður getur bara ekki náð sér í rafmagn sí svona. Rafmagn er ekki eitthvað sem maður veiðir í gildru.“

„Hvað er það þá?“ spurði Birna. „Hvað er eiginlega rafmagn?“

„Ó,“ sagði afi þeirra syfjulega. „Rafmagn er svona eitthvað sem er notað til að elda og kveikja ljós.“ Afi þeirra var mjög mikið fyrir mat.

„Við vitum það alveg,“ sagði Gísli. „Það sem við viljum vita er hvað er rafmagn og hvernig lítur það út.“

Afi þeirra var aftur sofnaður og svaraði því engu. Gísli andvarpaði og sneri sér að systur sinni. „Prófum einu sinni enn. Þú heldur pokanum við og ég fer og

„Ja, ég er mjög sérstök rafeind,“ sagði Rabbi montinn. „Ég er galdrarafeind sem get blásið mig upp og stækkað. Það geri ég reyndar afskaplega sjaldan. Engin einasta rafeind í heiminum getur þetta nema ég.“ Rabbi var mjög montinn að sjá. „En hvað um það, ég verð að halda áfram því það er margt fleira um þetta að segja. Sko, róteindir eru plús hlaðnar og rafeindir eru mínus hlaðnar. Grey nifteindirnar eru ekkert. Plús og mínus dragast að hvort öðru og það kallast rafkraftar.“

„Hmmm,“ sagði Gísli hugsi. „En margföldun og deiling? Eru margföldunar og deilingar eindir?“ Hann var nýfarinn að læra um margföldun og deilingu í skólanum.

„Vitleysa er þetta!“ gólaði Rabbi. „Nei ekkert slíkt. Bara plús og mínus og svo ekkert. Þið eruð nú meira fólkið.“ Hann hnussaði en hélt svo áfram. „Þið getið hugsað ykkur atóm eins og lítinn hnött þar sem rót-eindirnar og nifteindirnar búa. Við rafeindirnar erum hins vegar eins og tungl, förum hring eftir hring í kringum þennan litla hnött. Þess vegna viljum við stundum losna frá og fara á flakk.“

Rabbi ranghvolfdi í sér augunum. „Ó. Þið vitið sem sagt jafn lítið og hann afi ykkar.“ Hann brosti svo aftur. „Ég skal bara útskýra þetta fyrir ykkur. Varla gerir hann það nægilega vel.“ Rabbi benti með stuttri hendi að sofandi afanum. „Sko, allt efni í heiminum og þá meina ég allt – dýr, steinar, jurtir, loftið og bara allt undir sólinni – er búið til úr atómum.“

„Atómum?“ sögðu systkinin hissa í kór. „Hvernig þá?“ bætti Gísli við.

„Já allir hlutir eru úr þínu, þínu litlum ögnum sem heita atóm eða frumeindir. Þetta eru eins konar kubbar sem notaðir eru til að púsla saman efnum.“ Krakkarnir kinkuðu kolla svo Rabbi hélt glaður áfram. „Atóm eru svo lítil að það er ekki einu sinni hægt að sjá þau í smásjá. En vitið þið hvað?“

„Hvað?“ spurðu börnin forvitin.

„Það eru til enn minni agnir en atóm.“ Rabbi sló höndunum niður með hliðunum. „Eins og ég — rafeindir til dæmis. Atóm eru nefnilega búin til úr þremur enn minni eindum, rafeindum, róteindum og nifteindum. Eind þýðir sko lítil ögn.“

„En þú ert ekkert svo lítill,“ sagði Gísli og leit vantrúaður á Rabba. „Það þarf enga smásjá til að sjá þig.“

kveiki og slekk á veggnum. Kannski gengur það.“ Hann stóð upp.

Birna beygði sig að innstungunni og myndaðist við að leggja pokann yfir hana. Hún hélt honum eins fast og hún gat. „Tilbúin,“ sagði hún og leit á Gísli sem hóf að hamast í slökkvurunum á veggnum.

Í fyrstu gerðist ekkert nema að ljósin í stofunni kviknuðu og slokknuðu á víxl. Svo allt í einu heyrðust lágværir brestir frá innstungunni og pokinn tók kipp. Birna leit undrandi á pokann og af honum á bróður sinn. Gísli brosti út að eyrum. „Frábært!“ hrópaði hann og stökk til Birnu. „Það tókst!“

Birna þorði ekki að sleppa haldinu á pokanum. Hann hristist allur og skalf, einna líkast því að það væri lítill fugl innan í honum. Hvorki Gísli né hún vissu hvað þau ættu til bragðs að taka nú þegar eitthvað var komið í pokann. Þau litu hvort á annað stórum augum.

„Hvað ef þetta rafmagn sem við veiddum er eitthvað vont og grimmt?“ spurði Gísli og gretti sig. „Kannski ættum við að hætta við þetta.“

Birna reyndi að færa sig eins langt frá pokanum og hún gat. Það var ekki mjög langt þar sem hún hélt

honum enn lokuðum utanum innstunguna. „Hætta við!“ sagði hún ergileg. „Það er ekkert hægt að hætta við. Hvað eigum við þá að gera við þetta rafmagn?“

Meðan Gísli hugsaði sig um datt skyndilega allt í dúnalogn innan í pokanum. „Afsakið,“ heyrðist sagt skrækri röddu innan úr honum.

Birna gólaði og slepti takinu og pokinn datt á gólfið. Afi þeirra rumdi upp úr svefninum og velti sér yfir á hliðina. Hann vaknaði samt ekki. Börnin litu af afa sínum á pokann. Hann lá nú á gólfinu en fyrir honum miðjum var lítill þúst. „Afsakið,“ heyrðist sagt öðru sinni.

Birna og Gísli litu hvort á annað skelfd á svip. „Kíktu,“ hvíslaði Birna til Gísla. „Þetta var þín hugmynd.“

Gísli kyngdi hátt og kippti í pokann svo að hann opnaðist. „Mikið var,“ sagði lítill vera sem stóð í miðjum pokanum og litaðist um. „Fín stofa hérna hjá ykkur.“ Veran brosti.

Birna og Gísli brostu veikt. „Takk,“ sögðu þau samróma. Þau héldu svo áfram að stara. Litla gula veran var algerlega hnöttótt, einna líkust örsmárrí appelsínu. Andlit hennar var samsett úr stórum augum og

stórum munní sem staðsett voru ofarlega á kúlulaga búknum. Ekki var neitt nef að sjá en efst hafði veran grænt hár sem stóð beint upp í loftið og bærðist til og frá þó enginn væri vindurinn. Beint út úr hliðum búksins stóðu svo pínulitlar hendur með þremur feitum puttum hvor. Fætturnir voru stubbalegir og smáir og eiginlega mesta furða að veran ylti ekki um koll. „Hver ert þú eiginlega?“ spurði Birna skrækróma.

Veran brosti breitt. „Rabbi heiti ég. Rabbi rafeind.“ „Hvað ertu að gera í pokanum okkar?“ spurði Gísli. „Mér ofbauð,“ var svarið og virtist Rabbi hneykslaður. „Hann afi ykkar veit ekkert um rafmagn.“

„Ert þú sem sagt rafmagn?“ spurði Birna og góndi á litlu kúluna. „Ég bjóst ekki við því að það liti svona út.“

Rabbi rafeind setti upp skeifu. „Nú já.“ Hann hristi fýluna af sér á augabragði. „Ég er heldur ekki rafmagn þannig séð.“

„Hvað ertu þá?“ spurði Gísli hissa.

„Nú rafeind auðvitað,“ sagði Rabbi og baðaði út stuttum höndunum.

„Rafeind?“ sögðu Birna og Gísli í kór. Þau höfðu enga hugmynd um hvað rafeind var.